

Mál nr. 94/2017

M
og
vátrygingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátrygingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum á Gvendargeisla í Reykjavík við hús nr. 17-21 þann 3.3.2017.

Gögn.

Málskot, móttakið 15.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 3.4.2017.

Bréf V2, dags. 30.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið suður Gvendargeisla og beygt til hægri áleiðis vestur sömu götu. Í sömu andrá var B ekið austur Gvendargeisla og beygt til vinstri áleiðis norður götuna, þ.e. í sömu átt og A kom úr. Rákust þá saman vinstra framhorn A og vinstri hlið B fyrir miðju. Á gatnamótunum, þar sem áreksturinn varð, eru svokölluð T-gatnamót. Biðskylda hvíldi á umferð eftir Gvendargeisla úr norðri fyrir umferð á sömu götu til austurs og vesturs. Bjart var af degi en hálka á akbraut þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt til hægri en fundist frekar þröngt til að mætast við gatnamótin. En ökumaður B hafði samt beygt til vinstri inn í götuna og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa beygt til vinstri á gatnamótunum og á sama tíma hafði A verið beygt inn á götuna og árekstur orðið.

Álit.

Biðskylda hvíldi á ökumanni A fyrir umferð á Gvendargeisla úr þeirri átt sem B kom úr. Af gögnum málsins verður ráðið að A hafi verið komin nokkuð inn á götuna þegar áreksturinn varð. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki virt biðskyldu gagnvart B. Ósannað verður að teljast samkvæmt gögnum málsins að ökumaður B hafi tekið svo þrönga beygju að á hann verði felld sök. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A..

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hrl.